

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 13,4 ma.kr. en var neikvætt um 15,1 ma.kr. 2012. Tekjur hækkuðu um 7,1 ma.kr. milli ára og gjöld um 11,2 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um 2,3 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um 3,5 ma.kr. Þessi útkoma er betri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 19,9 ma.kr. sem skýrist að mestu með því að dreifing útgjalda innan ársins reyndist önnur en gert hafði verið ráð fyrir.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2013 (m.kr.)

| | <u>2009</u> | <u>2010</u> | <u>2011</u> | <u>2012</u> | <u>2013</u> |
|--|----------------|-----------------|----------------|----------------|-----------------|
| Innheimtar tekjur | 172.135 | 175.092 | 172.498 | 205.504 | 212.628 |
| Greidd gjöld | 209.123 | 212.715 | 199.639 | 217.084 | 228.266 |
| Tekjujöfnuður | -36.989 | -37.623 | -27.141 | -11.580 | -15.638 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda | -2.720 | 4.700 | 5.471 | -3.472 | 2.270 |
| Handbært fé frá rekstri | -39.709 | -32.923 | -21.670 | -15.052 | -13.368 |
| Fjármunahreyfingar | 8.110 | -9.027 | 56.652 | -5.972 | -17.420 |
| Hreinn lánsfjárfjöfnuður | -31.599 | -41.950 | 34.982 | -21.024 | -30.788 |
| Afborganir lána | -1.345 | -72.037 | -71.615 | -78.612 | -87.118 |
| Innanlands | -1.345 | -72.037 | -764 | -1.502 | -84.647 |
| Erlendis | 0 | 0 | -70.851 | -77.110 | -2.471 |
| Lánsfjárfjöfnuður brúttó | -32.944 | -113.987 | -36.633 | -99.636 | -117.906 |
| Lántökur | 81.773 | 89.447 | 60.508 | 170.143 | 46.486 |
| Innanlands | 74.721 | 95.046 | 47.173 | 25.166 | 63.522 |
| Erlendis | 7.052 | -5.599 | 13.335 | 144.977 | -17.037 |
| Breyting á handbæru fé | 48.829 | -24.540 | 23.875 | 70.507 | -71.420 |

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 212,6 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 3,5% aukning á milli ára. Niðurstaða tímabilsins er 1,3 ma.kr. eða 0,6% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 3,1% á milli ára og námu 191,8 ma.kr. sem er 3,5 ma.kr. eða 1,8% undir áætlun. Arðgreiðslur drógust saman um 26,9% á milli ára og námu 3,9 ma.kr. en það er 3,8 ma.kr. yfir áætlun. Nánar verður vikið að einstökum liðum eftir því sem við á hér að neðan.

Tekjuskattur einstaklinga jókst um 6,8% og nam 47,9 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Um helming þess frávíks má rekja til meiri úttekta séreignarsparnaðar en gert var ráð fyrir. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um tæplega 15% á milli ára sem má m.a. rekja til þess að á sama tímabili í fyrra innheimtust töluverðar fjárhæðir sem tengdust eftirstöðvum fyrri ára en þær tekjur teljast óreglulegar. Innheimta tekjuskatts lögaðila nemur nú 11,2 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. yfir áætlun. Fjármagnstekjuskattur jókst um 18,3% á milli ára og nam 18 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun.



Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2013

| | Milljónir króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|--------------------------------------|-----------------|----------------|----------------|---------------------------|--------------|--------------|
| | 2011 | 2012 | 2013 | 2011 | 2012 | 2013 |
| Skatttekjur og tryggingagjöld | 159.853 | 185.959 | 191.750 | -0,8 | 16,3 | 3,1 |
| Skattar á tekjur og hagnað | 64.585 | 73.264 | 77.152 | -0,4 | 13,4 | 5,3 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 37.657 | 44.842 | 47.871 | -4,5 | 19,1 | 6,8 |
| Tekjuskattur lögaðila | 5.854 | 13.173 | 11.236 | 15,6 | 125,0 | -14,7 |
| Skattur á fjármagnstekjur | 21.074 | 15.249 | 18.045 | 3,5 | -27,6 | 18,3 |
| Eignarskattar | 1.786 | 5.137 | 4.516 | -0,1 | 187,6 | -12,1 |
| Skattar á vöru og þjónustu | 63.995 | 75.942 | 77.416 | -4,4 | 18,7 | 1,9 |
| Virðisaukaskattur | 40.571 | 48.127 | 48.820 | -9,0 | 18,6 | 1,4 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 946 | 1.622 | 1.787 | 89,9 | 71,5 | 10,2 |
| Vörugjöld af bensíni | 4.310 | 4.569 | 4.455 | 0,6 | 6,0 | -2,5 |
| Skattar á olíu | 2.313 | 2.518 | 2.522 | 0,0 | 8,9 | 0,1 |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald | 5.573 | 6.163 | 6.446 | 3,6 | 10,6 | 4,6 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 10.284 | 12.943 | 13.386 | 4,0 | 25,9 | 3,4 |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 2.495 | 2.702 | 2.307 | 6,5 | 8,3 | -14,6 |
| Aðrir skattar | 1.526 | 2.466 | 3.088 | -1,3 | 61,6 | 25,2 |
| Tryggingagjöld | 25.466 | 26.449 | 27.271 | 7,6 | 3,9 | 3,1 |
| Fjárframlög | 374 | 65 | 68 | 86,5 | -82,6 | 4,5 |
| Aðrar tekjur | 12.330 | 18.275 | 20.347 | -8,1 | 48,2 | 11,3 |
| Sala eigna | 120 | 1.206 | 463 | - | - | - |
| Tekjur alls | 172.678 | 205.504 | 212.628 | -1,3 | 19,0 | 3,5 |

Tryggingagjöld námu 27,3 ma.kr. sem er 3,1% aukning á milli ára og 1,1 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af tryggingagjöldum hafa aukist á milli ára þrátt fyrir að gjaldhlutfallið hafi lækkað úr 7,79% í 7,69% um áramótin. Gróft mat bendir til þess stofn gjaldsins hafi hækkað um rúmlega 6% á milli ára, sem er ívið lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Eignarskattar námu 4,5 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. undir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til auðlegðarskatts en hann skilaði 1,9 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Tekjur af stimpilgjöldum eru á áætlun og námu 1,6 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 1,9% á milli ára og námu alls 77,4 ma.kr. sem er 3,5 ma.kr. eða 4,3% undir áætlun. Frávikið skýrist að mestu af innheimtu virðisaukaskatts sem er 3,1 ma.kr. undir áætlun og nam 48,8 ma.kr. Þessi þróun kemur heim og saman við lakari horfur um almenna eftirspurn á þessu ári samanborið við forsendur fjárlaga fyrir árið 2013. Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er nú reiknað með að einkaneysla aukist um 1,9% á árinu 2013 en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að einkaneyslan myndi aukast um 2,5% á árinu. Almenn vörugjöld námu 2,3 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Vörugjöld af ökutækjum eru 0,1 ma.kr. yfir áætlun og námu 1,8 ma.kr. á tímabilinu. Þá skilaði kolefnisgjaldið 1,3 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun.



Tekjur af vörugjaldi af bensíni námu 4,5 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun og tekjur af olíugjaldi námu 2,5 ma.kr. sem er í takt við áætlun. Tekjur af vörugjaldi af bensíni drógust saman um 2,5% á milli ára en tekjur af olíugjaldi hafa staðið í stað. Tóbaksgjald skilaði 2,3 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun og tekjur af áfengisgjaldi námu 4,2 ma.kr. eins og gert var ráð fyrir. Tölur um áfengissölu á fyrstu fimm mánuðum ársins sýna að hún hefur aukist lítillega miðað við sama tímabil í fyrra eða um 1,2% (mælt í vínanda). Sala á tóbaki hefur í heildina dregist saman að magninu til eða um 11,1% milli ára. Þó hefur sala reyktóbaks aukist um 6,8% frá sama tímabili í fyrra sem bendir til þess að tóbaksneytendur velja í auknum mæli hagkvæmari vörutegundir.

Aðrar tekjur námu 20,4 ma.kr. sem er 5,1 ma.kr. yfir áætlun. Sem fyrr segir eru arðgreiðslur 3,8 ma.kr. yfir áætlun en það frávík mun að öllum líkum lækka umtalsvert eftir því sem líður á árið þar sem ljóst ert að einhverjar greiðslur hafa innheimst fyrr á árinu en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun. Tekjur af veiðigjöldum námu 5,7 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. yfir áætlun. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 2,1 ma.kr. og því sérstaka 3,6 ma.kr. Vaxtatekjur námu 6,4 ma.kr. sem er í takt við áætlun.

Greidd gjöld námu 228,3 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 11,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,2%. Greidd gjöld voru tæpa 3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 1,3%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí 2013

| | Milljónir króna | | | Breyt. frá fyrra ári, % | |
|-------------------------------------|-----------------|----------------|----------------|-------------------------|------------|
| | 2011 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 |
| Almenn opinber þjónusta | 45.769 | 50.277 | 53.545 | 9,8 | 6,5 |
| þar af vaxtagreiðslur | 27.845 | 31.257 | 33.189 | 12,3 | 6,2 |
| Varnarmál | 557 | 370 | 407 | -33,6 | 10,0 |
| Löggæsla, réttargæsla og öryggismál | 7.439 | 8.645 | 9.041 | 16,2 | 4,6 |
| Efnahags- og atvinnumál | 18.725 | 19.860 | 20.373 | 6,1 | 2,6 |
| Umhverfisvernd | 1.584 | 1.758 | 1.951 | 11,0 | 11,0 |
| Húsnæðis- skipulags- og veitumál | 192 | 92 | 283 | -52,0 | 207,9 |
| Heilbrigðismál | 45.447 | 48.539 | 52.963 | 6,8 | 9,1 |
| Menningar-, íþróttar- og trúmál | 6.786 | 7.110 | 7.882 | 4,8 | 10,8 |
| Menntamál | 20.169 | 23.626 | 25.643 | 17,1 | 8,5 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 48.643 | 51.839 | 51.388 | 6,6 | -0,9 |
| Óregluleg útgjöld | 4.328 | 4.968 | 4.790 | 14,8 | -3,6 |
| Gjöld alls | 199.639 | 217.084 | 228.266 | 8,7 | 5,2 |

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 33,2 ma.kr. og jukust um 1,9 ma.kr. á milli ára en voru tæpum 900 m.kr. innan áætlana. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 6,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára og voru rúmlega 100 m.kr. yfir því sem gert var ráð



fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 13,5 ma.kr. og jukust um 1,2 ma.kr. á milli ára en voru rúmar 500 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu 51,8 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 450 m.kr. milli ára og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að mestu með nokkrum stórum liðum en útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 1,6 ma.kr. milli ára og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 291 m.kr. Þá voru greiddar barnabætur tæpum 1,3 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2012 og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 262 m.kr. hærri en 2012 sem var innan heimilda. Þá er búið að greiða út samningsbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn að upphæð 502 m.kr. sem ekki hafði verið gert ráð fyrir á þessu tímabili nema að litlu leyti. Á móti þessu drógust útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs saman milli ára um 1,7 ma.kr. og greiddar vaxtabætur voru 2,6 ma.kr. lægri en á fyrra ári sem skýrist með sérstökum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 53 ma.kr. og jukust um 4,4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,6 ma.kr. umfram heimildir. Mest munar um útgjöld Sjúkratrygginga sem jukust um 1,4 ma.kr. milli ára og voru 1,5 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri námu tæpum 19,0 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,7 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 549 m.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 8,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1 ma.kr. á milli ára og voru jafnframt um 360 m.kr. umfram heimildir. Þá jukust útgjöld heilbrigðisstofnana lítillega milli ára og námu 6,1 ma.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust lítillega á milli ára og námu 20,4 ma.kr. samanborið við 19,9 ma.kr. í fyrra. Þá voru þau 2,3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með tæplega 1 ma.kr. afgangi hjá Vegagerðinni og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála námu um 25,5 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og voru 2 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra þrátt fyrir að vera 1,1 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld Lánasjóðs Íslenskra námsmanna námu 8 ma.kr. og jukust um 457 m.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 4,9 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning milli ára um 1,2 ma.kr. en innan þess sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til framhaldsskóla námu 9,1 ma.kr. og voru 290 m.kr. hærri en á sama tímabili 2012 en 263 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála námu 7,9 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 771 m.kr. en voru rúmum 100 m.kr. innan fjárheimilda. Aukningin milli ára skýrist að stórum hluta með útgjöldum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem aukast um 304 m.kr. milli ára sem um það bil það sem gert var ráð fyrir.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 9 ma.kr. og jukust um 396 m.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 500 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að mestu með greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærri en gert hafði verið ráð fyrir og aukast um rúmar 115 m.kr. milli ára og útgjöldum Rannsóknarnefnda Alþingis sem aukast um 100 m.kr. milli ára og eru jafnframt um 100 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landhelgisgæslu Íslands dragast saman milli ára en eru rúmar 200 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til umhverfisverndar námu tæpum 2 ma.kr. á tímabilinu og eru 193 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra. Útgjöldin voru rúmum 500 m.kr. innan heimilda sem



skýrist að mestu með 157 m.kr. afgangi af fjárheimildum Vatnajökulsþjóðgarðs, 140 m.kr. afgangi af fjárheimildum Landgræðslu ríkisins og 191 m.kr. afgangi af fjárheimildum Endurvinnslunnar hf. Útgjöld til Varnarmála námu 407 m.kr. á tímabilinu og jukust um 37 m.kr. á milli ára en voru 169 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 283 m.kr. og jukust milli ára um 191 m.kr. sem var í samræmi við áætlanir. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 184 m.kr. umfram það sem greitt var 2012. Óregluleg útgjöld námu 4,8 ma.kr. og drógust saman um 178 m.kr. milli ára en voru tæpum 600 m.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga aukast um 280 m.kr. milli ára sem er 392 m.kr. umfram heimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur dróst saman um 458 m.kr. milli ára en var 201 m.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um tæpa 30,8 milljarða króna en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 21 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárfamlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu fimm mánuðum ársins námu 84,6 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar voru erlendar afborganir í mars sl. fyrir að jafnvirði 2,5 milljarða króna.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 63,5 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 55,2 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 15,6 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárfamlags Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um 7,5 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 17 ma.kr. í lok maí vegna styrkingar krónu frá áramótum.